

eyjahreppi, sem hún var hjá og hafði fylgt að lagi, brá búi, hefir skýrt svo frá, að hún sje fædd árið 1849 í Pjetursey í Mýrdal innan hins forna Dyrhólahrepps, og eptir að hún var komin af ómaga aldri hefir hún dvalið í ýmsum sveitum í Skaptafells- og Rangárvallasýslum, en hvergi nógu langan tíma til að ávinna sjer sveitfesti, unz hún ílengdist í Vestra-Fíflholti frá því á árinu 1877; en á tímabilinu frá 1877 til 1893 var hún á sumrinu 1885 hjer um bil mánaðartíma á Syðsta-Kekki í Stokkseyrarhreppi innan Arnessýslu. Þannig eru úrslit málsins undir því komín, hvernig litið verði á burtför Steinunnar frá Vestra-Fíflholti og dvöl hennar á Syðsta-Kekki. Í þessu tilliti skýrir hún svo frá, að hún hafi farið alfarin frá Vestra-Fíflholti að Kekki í júní 1885, og hafi komið sjer fyrir í sjálfs-mennsku hjá bóndanum þar, og ætlað að dvelja þar það ár 1885—1886, en eptir hjer um bil mánaðartíma hafi Jón Brandsson komið og sótt sig austur að Vestra-Fíflholti aptur. Þessi skýrsla hennar kemur alveg heim við skýrslu þá, sem hinn páverandi ábúandi Syðsta-Kakkar, Gísli tómthúsmaður Sigurðsson í Nýjabæ í Stokkseyrarhverfi, hefir látið til fyrir rjetti um komu Steinunnar á sitt heimili, og dvöl hennar þar, sem átti að vara til næsta vors, en var á enda eptir hjer um bil mánaðartíma. Þegar enn fremur er tekið tillit til hinna páverandi kringumstæðna á heimili Jóns þessa Brandssonar, þá er þannig enginn efi á því, að sveitfestisdvöl Steinunnar Sigurðardóttur í Vestur-Landeyjahreppi hefir slitnað við áður nefnda dvöl hennar í Stokkseyrarhreppi, og hún hefir þannig hvergi sveit-fest sig með samfleyttri 10 ára dvöl í nokkrum hreppi, eptir að hún varð 16 ára að aldri; er því hjer með úrskurðað, að Steinunn Sigurðardóttir sje sveitlæg í fæðingarhreppi sínum, hinum forna Dyrhólahreppi, hvað jeg bið yður tilkynna hreppsnefndunum í Dyrhóla-hreppi og Hvammshreppi, sem hinum forna Dyrhólahreppi er skipt í.

159

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um 160
leyfi til að halda lotteri. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þókn- 12. nóv.
 anlegu brjefi, dagsettu 8. þ. m., og beiðni nefndar þeirrar hjer, sem safnað hefir gjöfum handa þeim, sem biðu tjón af jarðskjálptunum í Árnassýslu og Rangár-vallasýslu í fyrra sumar, vil jeg hjer með veita sagðri nefnd leyfi til að halda lotterí á gullhring og guliúri, er gefizt hafa í þessu skyni, á þann hátt, sem um getur í erindi nefndariunnar, er fylgdi ofanefndu brjefi yðar.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknan-legrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Samþykkt um kynbætur hesta.

161
19. nóv.

Sýslunefndin í Árnassýslu hefur samkvæmt lögum 11. desember 1891, um kynbætur hesta, gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í Árnassýslu.

1. gr.

Hreppsnefndirnar í hverjum hreppi skulu, þá er samþykkt þessi er kom-in í gildi, sjá um, að kosin sje í hverjum hreppi hrossakynbótanefnd, er sjeu í